

Hálendisgæsla á Kili 24.7. - 5.8. - dagbók

24. júlí

Menn byrjuðu snemma morguns hið mikla verk að koma búnaði og farangri vegna Hálendisgæslu í bílana. Smá bið var eftir kerrunni, sem kom að vestan og því ekki lagt af stað fyrr en um kl. 14 með báða jeppana, fjórhjól og eldsneyti á kerru. Sex björgunarsveitarmenn, þeir Adam, Baldvin, Birgir, Anna, Hólmar og Ragnar auk Helgu frá Slysavarnardeild kvenna í Reykjavík. Tveir hundar og sonur Hólmars, Stefán voru einnig með í för.

Á Hellisheiðinni keyrðum við fram á bifreið sem hafði lent utan vegar á hraungrýti. Ökumaður var meðvitundarlaus, en vegfarendur voru komnir honum til aðstoðar. Við gerðum Neyðarlínu viðvart, gáfum súrefni og hlúðum að uns sjúkrabílar komu á staðinn.

Það sem eftir var ferðarinnar gekk tíðindalaust og voru Kyndilsmenn leystir af um kl. 19 um kvöldið, þegar fyrsti Kjalarbíllinn mætti í bækisstöð á Hveravöllum. Stuttu seinna birtist fjórhjólíð, sem keyrði frá Sandá og verulega seinna Fordinn með sinn þunga farm, matinn og tjöldin. Tvö tjöld fóru upp í snatri því kalsalegt var í veðri með slyddusnjó. Flestir gistu í gáminum, sem að þessu sinni sneri út að tjaldstæðinu.

25. júlí

Heilsað var upp á skálaverði og landverði, sem okkur til ánægju voru að mestu leiti þeir sömu og í fyrra. Breytingar á skála og salernisaðstöðu líka teknar út en annars flest óbreytt frá síðustu dvöl.

Farið var í könnunarleiðangra að efra og neðra Blönduvaði og út á Stórasand að huga að vegstikum. Nokkrir urðu eftir í bækisstöð og stóðu framan af degi í rafmagnsbilunum bæði í skála og í gámi. Veður var þurrt að mestu en kalsalegt.

Grillað var um kvöldið og sótt í pottinn. Yngstu menn tóku hundaæfingu við þjófadali.

Um kvöldið kom beiðni frá bakvakt um að kanna með bíl sem hafði sprengt tvö dekk á neðri hluta Kjalvegur. Farið var niður að Árbúðum án þess að rekast á bílinn og líklegast höfðu aðrir bjargað málunum. Á leiðinni upp að Hveravöllum aftur brotaði stýrisendi, svo seint var komið í koju, eða um kl. 02.30.

26. júlí

Menn drifu sig snemma á öðrum jeppanum í varahlutaleiðangur á Selfoss. Aðrir stóðu vaktina á Hveravöllum á meðan og fjórhjólíð skrappt aðeins í stutta ferð

upp í Áfanga. Nokkur smá verkefni komu inn á borð og á annan tug manna var sagt til vegar eða leiðbeint. Veður var sæmilegt og nýtt til göngutúra í nágrenninu. Fordinn var svo eins og nýr aftur um kvöldið og nýttist þegar hluti hópsins fór í ævintýralegan leiðangur að kanna helli í Kjalhrauni.

27. júlí

Um nóttina hvessti hressilega og varð meira að segja Kjalnesingum ekki svefnsamt. Bjarga þurfti Hólmars tjaldi með því að fella það og voru nokkrir aðrir tjaldbúar á fótum í sama tilgangi. Stutt stund var á milli stríða, því þegar tjaldið og farangur var hólpinn, f auk hurðin á gáminum af hjörunum. Á sama tíma uppgötvaðist að tetra og gsm höfðu dottið út. Rafvirki sveitarinn hafði í nógu að snúast með að færa til öryggi í símsstöð og rafstöð, til þess að halda inni lágmarks sambandi og rafmagni. Voru hnökrar allann daginn og taka varð allt rafmagn af gáminum. Auk þess voru minni háttar verkefni í kringum bíla á Hveravöllum.

Hurðin var lagfærð og komst upp rétt áður en fór að rigna, en hvasst var allann daginn og gífurlegt moldrok neðst á Kjalvegi. Baldvin og Birgir héldu á Patrol í bæinn og eftirlitsferð var farin í Kerlingarfjöll. Kvöldmaturinn bjargaðist á primus og var öllum sex sem eftir voru, þjappað inn í kaldan gáminn yfir nóttina.

28. júlí

Menn voru ræstir um morguninn við innkomu skálavarðarins, sem þurfti aðstoð rafvirkjans við að snúa öllu til fyrra horfs í rafstöðinni. Rafvirki kom einnig að norðan og skipti um öryggi, svo lagt var í að hleypa rafmagni á að hluta í gáminum, okkur til mikillar gleði. Þar sem innanhúsmálin voru að mestu komin í lag, drifu menn sig líka í að tjakka gáminn upp í sem næst lárétta stöðu og smíða tröppur. Heldur hafði annað hornið sigið eftir rigningarnar og þoldu diskar og bollar ekki nema hálfylli án þess að það rynni úr þeim.

Hráslagalegt og blautt var allan daginn og lítil umferð ferðalanga. Tveimur bílum var fylgt yfir efra Blönduvaði og fjórhjólið hringaði Blöndulón með viðkomu í Áfanga, Buga-, Galtará- og Ströngukvíslarskála.

29. júlí

Dagurinn var tekinn mjög snemma þegar næturgestir í gamla skála báðu um aðstoð við að hemja ofurölvi einstakling. Hafði hann vökvað sig útvortis sem innvortis í lauginni megnið af nóttinn og fór með styrkri rödd en frekar óstyrkum fótum um bæði hverasvæði og skála. Maðurinn var tekinn úr umferð

og komið í öruggt og hlýtt skjól inni á salerni, þar sem hann sofnaði. Ferða- og tjaldfélagar söknuðu hans ekki fyrr en um níu-leytið og þá var kauði vakinn.

Keyrt var í Kerlingafjöll, Leppistungur, Svínárnes, suður fyrir Gullfoss og norður Kjöl aftur á fjórhjólinu. Alls 240 km með tvo menn – eyðsla 13 l/100 km. Fordinn sinnti rafmagnslausum bíl rétt norðan Leppistungur um kvöldið. Sæmilegt veður þrátt fyrir skúrir í fyrstu og þoku með kvöldinu.

30.júlí

Farið var í tiltekt í slysavarnaskýlinu Arnarbæli við Kjalveg, gólf sópuð og matarleyfum og öðru rusli hent. Blönduvöðin voru vöktuð, enda áin vaxandi og þurfti einn jeppi á leiðinni frá Ingólfsskála, fylgd yfir ána um kvöldið. Fjölskyldan var fylgdinni svo þakklát að hún kom seinna um kvöldið í heimsókn í gáminn hlaðin gjöfum (og aldrei þessu vant ekki í flöskuforni).

Fá verkefni voru síðdegis og buðum við því starfsfólki Hveravalla upp á vöfflur.

Hluti hópsins fór um kvöldið í leiðangur inn að Blágnípujökli, syðst í Hofsjökli. Gekk þar á ísnum og bragðaði einnig á í kvöldsólinni. Á meðan gerði úrhelli og þoku á Hveravöllum.

31.júlí

Skúrirnar héldu áfram á Hveravöllum, meðan heiðskýrt var sunnan við svæðið. Ragnar hélt í bæinn og fékk far með rútunni suður, þótt ekki hafi verið nein lúxussæti í boði. Verkefni dagsins voru að aka að neðra Blönduvaði og í Kerlingafjöll. Um kvöldið óskaði bakvakt eftir aðstoð við útlendinga í bíl í á við Hagavatn. Þegar komið var á staðinn reyndist jeppinn vera kominn út af slóðanum í bröttu brekkunni austan við Farið og vera í mikilli lausri möl. Ekki í ánni, sem betur fer, þótt bíllinn hefði verið að spóla sig þangað eftir hliðarhalla. Fordinn spilaði jeppann upp á hrygginn og svo var ökumanni leiðbeint með akstur niður brattann aftur.

Skondin uppákoma varð þegar ítölsk hjón villtust inn á Hveravelli og rötuðu ekki af bílastæðinu út á Kjalveg aftur. Enskan var ekki mjög sterk hjá hjónakornunum, sem voru í eldri kantinum og hjónaskilnaður yfirvofandi vegna rifrildis, svo brugðið var á það ráð að fara með í bil niður að gatnamótum og tryggja að þau tækju rétta beygju. Þetta verkefni reyndi aðallega á að hemja brosvöðvana.

1. ágúst

Loks styttaði upp á Hveravöllum þótt aftur hafi rignt um kvöldið. Efra Blönduvað var vaktað og seinnipartinn var farið með Helgu niður að Sandá, þar sem hún var sótt. Til stóð að Patrol kæmi uppeftir þennan dag, en lega gaf sig að framan innan bæjarmarkanna og var hann fluttur á bíl upp í Þórnyjarbúð aftur.

Neyðarlínan tilkynnti um fótbrot við Hagavatn og var farið í það að spelka ökkla og flytja ferðamann niður afleggjaran til móts við sjúkrabíl.

Björgunarsveitarmenn frá Eyvindi á Flúðum mættu líka galvaskir í útkallið þar sem talið var þörf á hraustum börumönnum. Það reyndist þó ekki þurfa gera annað en að vippa hinum slasaða beint í Fordinn.

Um kvöldið skutlaðist fjórhjólið með skálavörðinn í Gíslaskála í heita pottinn á Hveravöllum í þakklætisskyni fyrir ferðir okkar eftir drykkjarvatni, heitri sturtu og snyrtilegri og jafnframt friðsamlegri klósettaðstöðu í Gíslaskála.

2. ágúst

Rólegur dagur í keyrslu því aðeins voru eknir 50 km að efra Blönduvaði og í Þjófadali. Fordinn gekkst undir smá viðgerð á planinu vegna leka á sjálfskiptivökva. Mörg minniháttar verkefni voru á Hveravöllum, flest vegna dekkja sem ýmist láku eða þurfti að skipta alveg um. Tveimur jeppum á leið yfir á Sprengisand var fylgt yfir Blöndu á efra vaði.

Adam fór sem aðstoðarmaður með hóp ferðalanga inn að Blágnjúkjökli um morguninn.

Sól var á Hveravöllum fyrir hádegi en rigningarúði um kvöldið. Tjaldstæðið og planið fylltist um kvöldið, aðallega af Íslendingum.

3. ágúst

Loksins sólbaðsveður á Hveravöllum en auðvitað entist það ekki allan daginn og við tóku skýjabreiður um miðjan dag og hefðbundin kvöldrigning. Ekið var inn á Stórasand á fjórhjólinu og í Kerlingafjöll á Fordinum. Við afleggjarann að Setri var stór DAF truckur í vandræðum og komst ekki upp lausa brekku. Þurfti nokkrar tilraunir áður en hafðist að draga flykkið upp. Nokkur bílaverkefni voru á Hveravöllum.

Um kvöldið kom einn maður frá HSSH til liðs við okkur á jeppa og með fjórhjól á kerru og stefndi í mikla grillveislu þegar boð bárust frá bakvakt um bíl fastan í Blöndu. Kræsingarnar voru láttnar eiga sig og brunað að efra vaðinu, þar sem gamall Weepon ásamt ökumanni sátu fastir í miðri ánni. Fjöldi jeppa var

kominn að á vesturbakkanum og menn nýbyrjaðir að spila bílinn afturábak upp. Tókst að draga Weeponinn nokkra metra út úr mesta straumnum þar til hann stöðvaðist á stórum steini, fastur í fyrsta gír. Haggaðist ekki þaðan þrátt fyrir góðar tilraunir. Mikið var í Blöndu og vaðið nær óþekkjanlegt. Samferðafólki austan megin ár var ferjað yfir á vesturbakkann í Ford og þremur bílum leiðbeint með að fara inn á Eyvindastaðaheiði og norður fyrir á Hveravelli. Fólkinu, um 16 manns, aðallega konum og börnum var komið í skjól í skála á Hveravöllum og gengið í að útvega teppi og súpur. Ökumaður var talsvert þrekaður og kaldur eftir volkið í Blöndu.

Þar sem ekki var öruggt að lækka myndi í ánni vegna rigninga, fóru menn strax aftur í það verkefni að ná jeppanum úr gír og upp úr ánni. Hafðist það um miðnætti og þá beið loksins maturinn góði.

4. ágúst

Morguninn fór í að búa Fordinn undir heimferð. Var allur búnaður, kerra og fjórhjól tekið saman og héldu Hólmar og co. norðurleiðina í bæinn um hádegi. Á meðan sótti Víkingur annan mann niður að Gullfossi og voru það því tveir Kjalarmenn og tveir Hvergerðingar sem deildu vaktinni það sem eftir var degi.

Tvö bílaverkefni voru á Hveravöllum en annars rólegt. Kalsalegt og hvasst seinnipartinn.

5. ágúst

Adam og Anna héldu í bæinn með rútnni á hádegi þegar ljóst var að annar bíll frá HSSH með loforð um far í bæinn, kæmist ekki fyrr en daginn eftir. Steinar og Þorsteinn tóku því alfarið við vaktinni.

Stuttu áður en komið var að Minni Borg hvellsprakk á afturhjól rútnunnar og var bílstjórinn aðstoðaður við dekkjaskiptin, meðan útlendingarnir mynduðu og klöppuðu. Ekki fórum við alla leið niður á BSÍ heldur hoppuðum út á Vesturlandsveginum vegna útkalls í Svínaskarði, sem fór í gang rétt áður en við komum í bæinn.

Eknir alls um 3.500 km

Skráð verkefni 36 talsins